

2337. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 11. nóvember 2025 (aukafundur) og hófst kl. 12:00. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Pálmi Haraldsson
Þorkell Máni Pétursson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Ólafur Hrafn Ólafsson

Forföll:

Helga Helgadóttir varaformaður
Börkur Edvardsson
Sigrún Ríkharðsdóttir

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna

Dagskrá:

1. Farið yfir tillögur fjárhagsnefndar um þátttökugjöld og ferða- og upphaldskostnað dómara.

- a. Ingi Sigurðsson varaformaður fór yfir fyrirbyggjandi tillögur fjárhagsnefndar um þátttökugjöld og ferða- og upphaldskostnað dómara fyrir næstu ár. Þá fór Ingi yfir í framhaldinu hvernig næstu skref verða en fyrirbyggjandi tillögur verða sendar til stjórnar ÍTF til umræðu þar. Að því loknu munu fulltrúar KSÍ og ÍTF hittast og fara yfir málin eða fyrir næsta stjórnarfund KSÍ sem verður 20. nóvember nk. Í framhaldinu verða þær kynntar á formanna- og frkv.stjórafundi þann 29. nóvember nk.
- b. Umræður urðu um tillögurnar og tóku nokkrir fundargesta til máls. Heimir Fannar óskaði eftir að fjárhagsnefnd myndi setja fram nokkur dæmi um hvað þessar breytingar þýði fyrir félög þ.e. taka mismunandi dæmi um félög. Einnig ræddi Heimir Fannar um aðrar greiðslur til félaganna og hvernig þær séu ákveðnar. Þá ræddi Heimir Fannar um samninga við dómara og hvernig samningsstaða þeirra sé og hvernig KSÍ ætli að vinna þau mál áfram. Einnig spurði hann um nánari greiningu á kostnaði mótadeildar. Rætt um kostnað við 4. dómara og kostnaðarauka eftir að því var breytt en 4. dómara þarf ekki skv. núverandi reglugerð. Þorkell Máni ræddi um auglýsingar á dómaraþúninga. Það var víst reynt á sínum tíma en gekk ekki og svaraði ekki kostnaði við merkingar. Ólafur Hrafn fagnaði hugmyndinni að „hvatakerfi“ eða „afsláttarkjörum“ til handa þeim félögum sem sinna sínum skyldum varðandi dómara.

Þorvaldur fór yfir núverandi reglugerð um dómara og hvaða skyldur skv. reglugerð liggja þar á félögunum.

Halldór Breiðfjörð spurði hvort reglugerðin um dómara eigi við um Landsdómara eða KSÍ dómara og að það sé munur á því. Einnig spurði hann hvort utandeildin ætti að vera mönnuð af KSÍ.

Hildur Jóna spyr hvort þjónustustigið hjá KSÍ sé orðið of gott? Henni finnst þjónustan góð og að við séum ekki að „flagga“ því nægilega. T.d. eins og mótadeildin er oftar en ekki í kvöld- og helgarvinnu.

Næstu skref:

Ingi Sigurðsson lagði til að nú yrðu þau gögn og tillögur sem farið var yfir á fundinum send á formann og varaformann ÍTF til að fara með og kynna í stjórn ÍTF.

Eins að stjórn og varastjórn komi með athugasemdir og/eða ábendingar við þær tillögur sem lagðar voru fram á fundinum.

Einnig var ákveðið að fulltrúar fjárhagsnefndar og fulltrúar ÍTF hittist fyrir stjórnarfund KSÍ sem verður fimmtudaginn 20. nóvember.

Fundi slitið kl. 13:05

Fundarritari: Eysteinn Pétur Lárusson

Næstu fundir boðaðir fimmtudaginn 20. nóvember og miðvikudaginn 10. desember

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Jón Sigurður Pétursson

Eysteinn Pétur Lárusson

Undirritunarsíða

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Ólafur Hrafn Ólafsson